



Nefnda- og greiningasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Sent á umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 29. september 2025

Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um lækningatæki (EES-reglur), 70. mál, 157. löggjafarþing

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) styðja framlagningu frumvarpsins og fagna því sérstaklega að tekið hafi verið tillit til helstu athugasemda samtakanna sem fram komu í fyrri umsögnum um málið.¹ Sérstaklega er jákvætt að í meðförum þingsins á 155. löggjafarþingi (271. mál) hafi ábendingar SI verið teknar til greina og að á 156. löggjafarþingi (4. mál) hafi velferðarnefnd Alþingis lagt fram nefndarálit með breytingartillögu (þskj. 428) sem samræmdist ábendingum samtakanna, þó málið hafi ekki náð fram að ganga fyrir þinglok.

Samtökin telja að frumvarpið, í núverandi mynd, tryggi jafnvægi milli þess að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og þess að regluverkið verði einfalt, gagnsætt og hófstíllt gagnvart iðnaðinum og samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI

¹ <https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-logum-um-laekningataeki-mal-S-139.pdf>, <https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-og-SLH-um-drog-ad-frumvarpi-til-laga-um-breytinga-a-lyfjalogum-og-logum-um-laekningataeki-EES-reglur-mal-nr.-S148.2024-1.pdf>